# Ingimundur gamli.

Blað ungm.fél. „Vatnsdælingur."

| 1. tölubl. | Febrúar 1938. | XVIII árg. |
|---|---|---|

## Vetur.

1. Sumar blíðan er nú úti,
andar norðri kalt um sveitir.
Fyrir löngu er lóan farin,
lítum hlíð og dalur breitir.
Forist undir feldinn mjalla
fold, í græna sumar skrúði,
frostið alla fossa bindur.
frýs nú þeirra gjallur úði.

2. Skuggalegar skýja hrannir
skunda upp á himinboga.
birgja heiðan himinbláma,
hlýjan bjartan sólarloga.
Sýglir skip um himinshrannir
hraðar engimm farið getur,
þar mun koma konunguriinn,
kaldi gamli Íslands vetur.

3. Illúðlegur undir brúnir
aldinn jöfur hæruskotinn,
hvítgrátt, úfið alskegg hefir,
augun stálgrá, herðalotinn.
Afli meður ógnarstríðu
áfram hiklaust brýst til valda,
aftra sjer hann ekkert lætur
Ísalandið gistir kalda.

4. Ægilegur er að líta,
óhindraður völdin tekur,
jarðar búum hörðu hótar,
hristir bilin, stráin skekur

Allskyns meður ógnum hörðum
ólla meslan veitir lýðum,
vetur myrkri, ~~stríð~~ um stormum
stórsjóum, og iðulríðum.

5. Ytra þótt án allra gæða
ýmsum virðist, kaldur vetur,
innra finna fögnuð hreinan,
fyrðar ef þeir leita betur.
Undir köldum klaka hjúpi
kærleiks tendrast ljósið bjarta,
vetur gamli af gæsku sinni
gleði miðlar hverju hjarta.

6. Hefurðu ekki unað fundið,
oft í hópi kunningjanna,
líka eins að vetri og vori
vona löndin fengið kanna.
Hefurðu ekki eins að vetri
óskir þínar fundið rætast.
Hefurðu ekki eins að vetri,
eignast það, er fannst þjer mætast.

7. Sjerðu ekki eins að vetri,
undra fegurð náttúrunnar,
sjerðu ekki ótal stjörnur
yst í fjarlægð blámóðunnar,
Norðurljósa leiftrin kvika
loftið fögrum myndum skreitir,
austur vindum, eldur himins,
alla vega litum breytir.

8. Velkominn þú vetur sjertu,
vonar kraftinn endurfæddu,
hjá oss vorra fornu feðra
frelsis þrá; og mannidáð glæddu
Herðu viljans stál og stæltu
styrk, ef þjóðin nokkurs metur,
þér oss beri þúsund faldar
þakkir inna, gamli vetur.

Enginn.

## Fjallaferð.

Það var sunnudagsmorgunn. Jeg vaknaði þegar klukkan sló sjö, og þaut upp úr rúminu, klæddi mig í flýti, og hraðaði mjer út á hlað. Það var besta veður, hlý gola strauk ljett um kinnar mjer, og hvergi sást skýhnoðri á lofti.

Jeg flýtti mjer inn aftur, og hrópaði til fólksins sem steinsvaf, að það skyldi fara að vakna, og þettað hreif, fólkið glaðvaknaði við háreistina í mjer.

En jeg fór út aftur, eftir að hafa unnið þettað afreksverk að vekja fólkið. Jeg þreif beisli sem hjekk á skemmuþilinu, og þaut af stað að sækja hrossin, það átti nefnilega, að fara í skemtiferð eitthvað fram til heiða. Mjer tókst fljótlega að finna hrossin, og koma þeim heim. Þegar jeg kom í bæjinn var þar allt komið á ferð og flug, sumir voru að búa sig aðrir að taka til nesti, því nestislaus máttum við ekki fara, sumir voru að taka reiðtygin til. Allir höfðu áhuga

á að komast sem fyrst af stað.

„Nú er best að hafa nestið ríflegt því það er viðbúið að við liggjum úti hver veit hvað lengi." sagði eg [illegible]

„Ó það er nú varla hætta á að við liggjum úti." sagði Rúna.

Nú var lagt af stað, við vorum þrettán saman. Fólkið á Felli hafði komið og slegist í förina með okkur.

Þettað var glaður hópur sem nú lagði af stað í þessa langþráðu skemtiferð. Veðrið var líka svo yndislega gott að allir hlutu að komast í sólskinsskap. Blessuð sólin helti geislum sínum á heiðum og fjöllum yfir dalinn. Fuglarnir voru fyrir löngu vaknaðir og farnir að syngja.

Við ríðum nú sem leið liggur framdalinn, það var farið að rjúka á bæjunum, allt var vaknað, menn, hanar og hundar þeir komu þjótandi og ljetu öllum illum látum er þeir sáu þessa furðu sjón.

Loks vorum við komin upp úr dalnum og heiðalöndin blöstu við. Allt í einu heyri eg hrópað. „Hamingjan hjálpi okkur, við erum þrettán, það deyr eitthvert okkar á ferðinni," Og snúi til baka." Þettað var Ása á Felli, sem sagði þettað, hún hafði verið að telja ferðafólkið.

„Ertu vitlaus stelpa" sagði Jói bróðir hennar og sló í hann Brún sinn, ef þú heldur ekki áfram. „Nei takk, þú slærð ekki í Brún hugsaðu heldur um að koma þinni lykkju áfram" og Ása setti Brún á harðasprett.

Vegurinn var sæmilegur, skiftust á holt með götu slóðum, og mýrardrög sem bæði voru ill yfirferðar, en þó kom það fyrir í einu draginu, að hestur Jóa á Felli sökk dálítið í, og sprengdi af sjer hnakkinn og Jói valt auðvitað af. „Ja Jói ertu nú að farast í keldunni" kallaði Ása. „Vitleysa" kallaði Jói á móti og fór að gera við gjörðina sem hafði slitnað, það gekk bæði fljótt og vel, og var þá haldið af stað aftur.

Nú var farið að syngja og söng hver með sínu nefi, sem ekki er nú til lökur mál.

Ferðin gekk vel og án allra stórviðburða, ferðinni var heitið að Álftavatni, og nú blasti það við, það er allstórt og hólmi í því miðju, vatninu veiði og öðrum gróðri

Það var reglulega fallegt við Álftavatn, margskonar fuglar syntu fram og aftur um vatnið, og gáfu frá sjer margbreitileg hljóð.

„Eigum við ekki að fara upp á Bláfell" sagði eg svo getum við komið hingað aftur, þettað var samþykkt í einu hljóði, og svo var haldið af stað.

Bláfell var nokkru framar en Álftavatn, og var mjög víðsýnt af því, þegar að fellinu kom skildum við hestana eftir, og gengum á fellið. Og hrífandi sjón blasti við okkur, sem ekki er hægt á lýsa í fáum orðum.

Við okkur blöstu nú drifhvítir jöklar, fjöll sem fjarlægðin gjörði blá, einnig sáust mörg vötn ár og lækjir og svo margt fleira sem of langt yrði upp að telja. Nú slakk einhver upp á að við skyldum syngja. Frjálst er í fjallasal og það var samstundis gert.

Við vorum lengi að virða fyrir okkur hið fagra útsýni, en svo hjeldum við að Álftavatni aftur, þegar þangað kom var nestið tekið upp, því að flestir voru orðnir svangir. Var nú mesti glaumur og gleði yfir matnum, hlegið og talað og jafnvel sungið. Að máltíð lokinni var farið í ýmsa leiki, og stóð það góða stund.

Loks var farið að minnast á að halda heimleiðis, enda var allmjög liðið að halla degi, og var nú farið að lýna saman hrossin, sem voru á víð og dreif, og svo lögð af stað heimleiðis. Þegar búið var að lýna hrossin saman, kom það í ljós að tvö beislin vantaði, gengu nú allir í að leita, og eftir langa og mikla leit fundust bæði beislin, þá var nú ekki beðið boðanna að halda af stað.

Veðrið hafði nú breytst, það var komið logn en þoku ský höfðu skjótlega breiðst yfir himininn, og gættu þess vandlega að sólin gæti hvergi skinið í gegn um þau.

Við fórum allhratt, því að klárarnir voru mjög ljúfir á að fara heim.

Ekki höfðum við lengi farið, þegar bráðu þoka var komin. Við fórum nú að hugsa um hvernig við gætum ratað þar sem við vorum allir ókunnugir, og götu slóðir voru ógreinilegar og alls engar með köflum, þó hægt væri í björtu veðri að rata, þá var nú meiri vandi að rata

í sólsvartri þoku.

Stúlkunum fór nú ekki að lítast á blikuna, þær sögðu að við færum alveg í þveröfuga átt, og sumir strákarnir voru á þeirra máli, svo að nú fór að grána gamanið, við skiftumst í tvo flokka, og deildum um hver hefði rjettara fyrir sjer.

Við fórum af baki í dálitlu dragi, og ~~rágjörðumst~~ ræddum um hvað gjöra skildi.

Eg stakk uppá að við tækjum nú lagið áður en við færum af stað aftur, og vita hvort við yrðum ekki sammála á eftir.

Nú fórum við að syngja og söngurinn hljómaði í kvöldkyrðinni. Fuglarnir voru þagnaðir, nema einstöku lóur sem urðu á vegi okkar, þær gáfu frá sjer óánægju hljóð, um leið og þær flugu burt. „Jæja af stað allir saman, eg er foringinn", sagði eg, og fólkið ljet ekki standa á sjer að fara af stað, alt gekk vel fyrst af stað, en svo fór að bera á því sama og áður, og sumir vildu ekki fylgja mjer, foringja sínum

en það þótti mjer nú hart, en um það var ekki að tala. Við skiptumst nú í tvo hópa og hjeldum í sína áttina hver.

Við vorum sex strákar sem hjeldum áfram, en hitt snjeri til baka. Það var ekki laust við að við gerðum gis að þessum þrákálfum sem ekki ~~ekk~~ var hægt að koma vitinu fyrir. En við hjeldum áfram kveðandi og syngjandi, og loks komum við að heiðar girðingunni, og vorum auðvitað alveg á rjettri leið. En nú vandaðist málið, okkur leiddist hálfvegis að fara heim á undan hinu fólkinu, og að láta stráka ósæslin vera að villast með stúlkurnar.

„Jeg held þeim sje það mátulegt fyrir heimskuna", sagði Jói á Felli. „Nei, við verðum að fara að leita að þeim" sagði eg en við skulum skilja eitthvað eftir hjerna á hliðinu, til merkis um að við höfum komið hingað, annars segja þau að við höfum altaf verið að villast. Við settum nú vasaklútana okkar á hliðið, og hjeldum svo af stað til baka og fórum nú hratt, við og við kölluðum við og hóuðum, en ekkert heyrðum

við til himna, það mátti hamingjan vita hvað af þeim var orðið. Þegar við komum upp úr draginu þar sem við höfðum skilið sáum við förin eftir þau og höfðu þau farið hratt af stað, við fylgdum förunum stundar korn en svo hurfu götu slóðirnar alveg og þar með förin. Þokan hjelst alltaf jafn dimm og þung.

„Hvað er nú þarna“ sagði nú einhver í hópnum, eitthvert þústvar framundan, en þegar við komum nær sáum við að þetta var bara stór steinn. Allt í einu heirðum við eitthvert hljóð. „Hvað er nú þetta“ spurðum við hver annan, nú heirðum við þetta aftur, það var hó, við hóuðum á móti, og nú sáum við að einhver kom á harða spretti á móti okkur, og þektum við að það var Sveinki frá Grund.

„Nei eruð það þið, andsk. þoka er þetta“. „Sæll Sveinki“ sögðum við „Hvað hefur þú gert við hitt fólkið“

„Gert við það, ekki neitt, eg skildi við það, og ætlaði á eftir ykkur, en svo hjelt eg að eg mundi aldrei sjá manna

framar. Jæja Sveinki minn við erum búnir að fara norður að heiðargirðingu, en snjerum svo til baka til að leita að ykkur.

„Nei er þettað satt, þettað sagði eg altaf að þið munduð rata“ sagði Sveinki.

Nú hjeldum við en áfram og hóuðum við og við. Allt í einu var okkur svarað einhverstaðar út í þokunni, og ekki löngu þar til við sáum einhverjar þústir koma á móti okkur. Þar var Láki á Felli kominn með sinn hóp. „Hamingjunni sé lof að þið komuð þarna, þettað er ljóta ferða lagið. En hafið þið ekki sjeð hann Sveinka“.

Nú datt mjer í hug að leika ofurlítið á Láka „Nei var hann ekki með ykkur“ sagði eg ofur sakleysislega. „Þú en hann fór frá okkur og við vitum ekkert hvað orðið hefir af honum“.

„Ja hvert í syngjandi, að þið skilduð týna honum, þú ert ómögulegur foringi Láki. Við erum búnir að fara norður að girðingu og komnir hingað aftur til að leita að ykkur“ sagði eg.

„Nei nú eru að skrökva“ sagði Láki

„Nei þetta er alveg satt." sögðu strákarnir
„Jæja ég er líklega ekki góður foringi"
sagði Láki aumingjalega.
„Er Sveinki ekki með ykkur" spurði
Ása. „Nei nei hann er ekki með þeim"
svaraði Láki. „Ó þetta sagði ég í morgun
að eitthvert okkar myndi týnast eða
deyja, ég hefði aldrei átt að fara"
„Jú þú áttir að fara Ása" sagði
nú Sveinki, hann hafði verið á eftir
og þau þessvegna ekki séð hann.
Jæja nú legg ég til að allir
sem vilja nú fylgja mjer hrópi húrra
Nú hrópuðu allir húrra svo að undir
tók í Bláfelli, því þangað vorum við
komin. Nú höldum við að Álfta-
vatni og sjáum sólina koma upp.
Þegar þangað kom sagði Ása ófursak-
leitir-lega „Hvernig ætlarðu að sýna
okkur sólina í þessari brælu" Bíddu
bara róleg þú færð bráðum að sjá hana
„Nú skulum við borða það sem eftir
er af nestinu okkar." Ekki höfðum
við lokið við máltíðina þegar þokan

tók að þynnast, og áður en langt um leið
sáust aðeins einstöku þokuhnoðrar.
Og sjá sólin var að koma upp fyrir
fjallsbrúnina. Og eftir skamma stund var
hún komin upp fyrir sjóndeildar-
hringinn, og skein í heiði eins og daginn
áður. Þetta var dýrðleg sjón, við þögðum
öll, því að okkur skorti orð til að lýsa því
sem fyrir augun bar. „Jæja" rauf ég þögnina
nú skulum við halda heim.
Ferðin heim gekk eins og í sögu.
Skemmtilegri ferð höfðum við ekki farið,
þrátt fyrir allt.

— S —

## „Það er sagt."

Það lítur mjög sakleysislega út
þetta: „Það er sagt". En sakleysissvip-
urinn fer af því, þegar farið er að
brjóta það til mergjar. Þá kemur
fljótt í ljós, að það er skaðlegt vopn,
sem vanalega er brugðið til að vega
að mannorði náungans. Það er sam-
kallað átumein í félagslífinu; það
sekur hvarvetna sundurlyndi, tortryggni
og óvild, því þótt mörgum finnist gam-
an að því að heyra smásögur um
náungana, þora þeir þó ekki að trúa
eða eiga neitt undir þeim, sem segja
flestar sögur um aðra. Það er líka
eðlilegt að þeim komi til hugar, að
þegar náungarnir segja sér hinum,
sé þeirra hætt, því enginn veit hvenær
röðin kemur að honum sjálfum. Og
þessi ótti og orðsýkji drepur alla líf-
trú og hreinskilni. Menn heiðra skálk-
inn svo hann skaði þá ekki og þykjast
góðir taldir ef þeir sleppa heilir og

óskemdir:
Dylgjur og bakmælgi líkjast laun-
morði, því það er jafnan um hönd
haft, þar sem sá, sem talað er um,
er hvergi nærri, eða vinir hans né vanda-
menn, til þess að færa honum það aftur
eða verja hann. Auðvitað eru ekki ætíð
ærumeiðandi ummæli höfð, en venjulega
eru þau þó til að rýra gildi þess, sem
talað er um, eða að kasta skugga á
hann. Sé t. d. talað um að einhver
stúlka sé mjög falleg, þá hafa oftast
einhverjir „heyrt sagt" að hún sé held-
ur léttúðssöm, eða nokkuð „laus í
kostunum". Sé einhver önnur sérlega
greind, þá „hefir heyrst" að hún sé
ekki þrifin, eða vinnusöm. Komi nú
rík stúlka til umtals, þá „hefir verið
sagt" að ekki reiddi hún vitið í þvers-
pokum. Þegar talað er um reglusama
duglega og þrifna konu, þá „segir
sagan" að hún sé saman saumuð grút-
arsál, og skapvargur í þokkabót.
Af hverju þetta illa umtal kemur

er ekki alveg gott að segja, því oft er
það alveg ástæðulaus uppspuni, enda
vill sjaldan neinn gangast við fað-
erni þess. Karlmennirnir segja að kven-
fólkið sé potturinn og pannan í öllu
illu umtali um þær sjálfar. Stúlkurnar
séu svo öfundsjúkar, að þær þoli ekki
að heyra hver annari hælt, nema þær
reyni þá að „jafna metin“ með öðrum
sögum. En það geri karlmennirnir ekki;
þeir séu vaxnir upp úr þessháttar
smásálarskap. Og smásálarskapur er
það óneitanlega að þola ekki að heyra
viðurkennda kosti á neinum nema sjálf-
um sér. Það er því miður of satt, að
kvenfólkinu ber stundum fleira á góma,
sumu hverju, en þyrfti að vera. En
þetta er í fyrstu karlmönnunum að kenna.
Þeir hafa viljað marka því bás, og hann
heldur þröngan. Þeir hafa ætlast til,
að það léti sér nægja með búrin og eld-
húsin, ætlu ekki að kunna fleira, en að
gera graut o.s.frv. Til skamms tíma voru
fáir, sem álitu að konur gætu eða jafn-

vel ættu að hafa nokkur kynni af
umheiminum. Því þótti hlægilegt ef
stúlka hafði einhverja sjálfstæða
sannfæringu um almenn málefni, bók-
menntir eða þessháttar.

Nú eru allir svo skapi farnir
að þurfa að hafa eitthvað til að tala
um, og því væri eðlilegt, að úr því
konunum var svo að segja skammtað
umtalsefni úr hnefa, mundu þær
margfalda það eftir megni, og sömu-
leiðis, að eftir margra alda kúgun væri
þessi barnalega öfundsýki orðin kven-
þjóðinni svo töm, að það væri hálf
um hálft orðinn ættgengur skaplöstur
þeirra.

Það er satt, að karlmenn eru venju-
lega ekki eins smámunalegir í dómum
sínum, sjóndeildarhringur þeirra er
víðari, þeir hafa færri hleypidóma
og eru ekki eins hlutdrægir almennt.
Tal þeirra lítur að öðru eða a.m.k.
skoða þeir margt frá öðrum hliðum.
En allt fyrir þetta eru þeir ekki laus-

ir við að nota bakmælgina.

Nú þegar menntunin er að færast svo mjög í vöxt, ættu menn að sjá að tími væri kominn til að leggja af ýms barnabrek þjófræðinnar og fáviskunnar, og einkum ættu þeir að finna hvað það er ósæmilegt, ókristilegt og ódrengilegt að vega að baki manna. Látum náungana svo mikið hlutlausa sem hægt er; dæmum ekki um það, sem vér ekki þekkjum og verum ekki rangeygðir, þótt einhverir hafi fengið þá fullkomleika, sem vér sjálfum vildum hafa eða meiri hamingju en vér. Nóg er til að tala um annað, sem er saklausara og skemtilegra.

B. B.

Ath: Grein þessi, send blaðinu af Helga Lárussyni, er tekin upp úr gömlu tímariti og er yfir 40. ára gömul, en hún mun eiga erindi til okkar á öllum tímum.

Ritst.

## Kýmnissögur að norðan.

Hinn mikli stjórnmálamaður Benedikt Sveinsson, faðir Einars skálds Benediktssonar, var mjög á orði fyrir það hve mjög hann var lífhræddur. Hann var sýslumaður í Þingeyjarsýslu um og fyrir 1890. Bjó hann að Héðinshöfða skammt frá Húsavík. Hér skulu sagðar þrjár sögur um þennan veikleika hans.

Þegar sýslumaður bjó á Héðinshöfða var hann oft á ferðalögum sem gefur að skilja. Það var einusinni að vetri til, að hann kemur heim um nótt. Útiskemma var á bænum og vissu heimamenn að sýslumaður lét þar jafnan inn reiðtygi sín, og sem hann kemur inn í skemmuna, rekur hann sig á eitthvað óvenjulegt í myrkrinu. Verður honum afar hverft við og hrópar upp: „Ó, herra guð og himneski faðir, og hann er loðinn". En svo bar til að meðan sýslumaður var að heiman, hafði borið kýr, en heimamenn látið kálfinn í skemmuna svo sýslu-

maður rakist á hann.

Einu sinni hélt Benedikt sýslumaður vinnumann, er gekk alltaf undir nafninu „Júlli bú". Hann var mesta heljarmenni að burðum, en dagfarsgóður og glettinn. Júlli bú var fjósamaður hjá sýslumanni. Það var kvöld eitt að sýslumaður kemur út í fjóshlöðu til Júlla, þar sem hann er að láta í meisana. Það var mjög hátt að fara ofan í hlöðuna, svo það var manni undir hendur.

Sýslumaður hefir orð á því við Júlla að hann leysi ekki nógu vel af stálinu. Hinn svarar fyrst engu, en snýr sér síðan við með heynálaroddinn fyrir sér og segir með mestu hægð: „Það getur komið fyrir ef ég reiðist að ég veit ekki hvað ég geri". Sýslumaður þurfti ekki meira, hann var í hendingskasti kominn upp úr hlöðunni og inn í bæ, en hinn stóð eftir skellihlæjandi.

Maður var nefndur Jóhannes og átti heima á Skál í Köldukinn. Hann var alltaf nefndur Skálar-Jói. Hann var rosamenni við vín, en annars kátur og gamansamur. Eitt sinn kemur hann að Héðinshöfða að hitta Benedikt vegna skuldaskipta. Þegar Jói fer, gengur sýslumaður með honum niður á tún fót, en það var hallandi og náði langt niður frá bænum. Jói var skuldseigur og eru þeir að þrátta um skuldina. Jói vindur sér þá á bak og reiðir upp svipuna við sýslumann er tekur til fótanna sem mest hann mátti. Hinn ríður stökk á eftir með svipuna á lofti allt heim að húströppum en þar skyldi með þeim. En aldrei minntist sýslum. framar á skuldina.

# Eitthvað verður að gerast.

Ungmennafélagsblaðið „Fregnir gamli" hefir nú verið gefið út í samfleitt 18. ár. Fyrst af „Málfundafélagi Áshreppinga" í 6. ár og síðan af ungm.fél. „Vatnsdælingur" í 12 ár. Blaðinu hefir oft orðið allvel til fanga með efni til flutnings, en eins og svo margir aðrir hefir það fengið að kenna á kreppunni nú hin síðari ár, og má það að nokkru leiti kenna burtflutningi fólksins út úr sveitinni. Síðan ég tók við ritstjórninni, hafa mér orðið ljósir margskonar örðugleikar við útgáfu blaðsins, og hefir mér þá komið sú spurning í hug, hvort við í raun og veru værum þess megnug að halda útgáfunni áfram, en eins og nú horfir við, sé ég þess ekki kost. Reynslan hefir sýnt að langflestir meðlimir ungm.fél. hafa alls engan áhuga fyrir slíku og vitanlega eru heldur ekki allir rithæfileikum búnir. Þó eru nokkrir innan félagsins, sem gætu ef þeir vildu, skrifað ágætar greinar, en trassaskapurinn og kæruleysið gagnvart blaðinu hefir þegar fest rætur í sálum ykkar félagar góðir, og eins og títt er um illgresi, mun verða erfitt að uppræta það. Margir munu finna vanmátt sinn til að skrifa það sem þeir geta verið ánægðir með, það þekki ég svo vel af eigin reynslu, því þetta á þó að lesa yfir gagnrýnandi áheyrendum og síðan geymast til dómsdags. En sá ótti okkar er nú í rauninni ástæðulaus, því enginn getur gert strangar kröfur til okkar, sem höfum litla sem enga menntun hlotið og höfum að jafnaði öðrum störfum að sinna.

En eitthvað verður að gerast. Ég hefi þegar bent á eina leið, sem sé þá að hætta við að gefa blaðið út, og er þó ekki allskostar ánægð með þá ráðstöfun málsins. En þið skiljið vonandi hvílík skapraun það er að vera ritstjóri blaðs sem jafn illa gengur að halda lífi í, sem þessu. Önnur leið hefir mér einnig komið til hugar; hún er sú, að við hristum af okkur þessa lognmollu og reynum að vera samtaka í að bjarga blaðinu við og gera það svo úr garði; að það megi verða okkur til sóma.

Efni þarf að vera svo fjölbreytt sem mögul. er, ekki endilega hátíðlega alvarlegt — þó alvaran sé náttúrlega ágæt í og með — heldur létt og hressandi, sem kemur áheyrendunum í sólskinsskap.

Félagar! Takið ákvörðun nú þegar. Gerið annaðhvort: að nudda stírurnar úr augunum og grípa pennann í hönd, eða, að öðrum kosti, hættið að gefa blaðið út. Látið ekki Ingimund gamla lifa við örbirgð.

Kristín Eggertsdóttir.

## Til umhugsunar:

Það mun vera ríkjandi skoðun hjá flestum þjóðum eða öllum, nú síðan heimskreppan skall yfir, að vera sem mest sjálfum sér nógur og búa sem mest að innlendri framleiðslu og varna því að útlendar vörur séu fluttar inn, og hefir þar til verið beitt ýmsum ráðum, svo sem innflutningsbönn og háir tollar. Sumar þjóðir hafa sýnt að hægt er að komast æði langt í þessu t.d. Italía í hitteðfyrra, meðan viðskiftarefsiákvæðin stóðu yfir. Þetta er þó vitanlega mikið undir því komið, hversu hráefnarík löndin eru og eftir því erfiðara sem löndin eru hráefnasnauðari. En þá hefir verið gripið til tækninnar og framleiddar allskonar eftirlíkingar — imiteraðar vörur — t.d. búin til ull úr mjólk — sem að sjálfsögðu reynist misjafnlega vel, en verða þó betri en ekkert.

Að loknum þessum hugleiðingum ætla ég að snúa mér að aðalefninu og hugleiða nokkru nánar ástandið hjá

okkur sjálfum Íslendingum.

Ísland mun vera með hráefna-snauðustu löndum heimsins a. m. k. þeim hráefnum sem í jörðu finnast; engin kol, engir málmar og engar olíulyndir, og litlir sem engir skógar. Þó skógræktinni miði nú öfluga áfram, verður þess þó langt að bíða að engan við þurfi að flytja til landsins. Aftur á móti eigum við dýrmætar auðlyndir þar sem heita vatnið er - hverirnir - og svo allar árnar og lækirnir, sem svo auðvelt er að virkja, til framleiðslu ljóss og hita og hverskonar iðnreksturs. Og ekki má gleyma hinum ágætu fiskimiðum í kringum strendur landsins, sem árlega færa landsmönnum miljónir króna og bæta það reyndar að nokkru upp það sem á vantar annarstaðar, svo sem áður er sagt.

En er nú ekkert hægt úr þessari vöntun að bæta, svo Íslendingar séu ekki eins háðir öðrum þjóðum í verslun og nú er? Jú, vissulega er margt hægt

að gera, og finnst mér að þar ættu ungmennafélögin að ganga á undan með góðu eftirdæmi og stuðla að þeim þjóðþrifamálum eftir mætti. Árlega er flutt inn í landið fyrir tugi þúsunda króna, allskonar kornvörur, sem reynsla síðari ára hefir sýnt að getur í allflestum tilfellum og víðast hvar á landinu þrifist og náð fullum þroska, margar hverjar, og er illt til þess að vita, að við skulum kaupa þetta dýrum dómum af öðrum þjóðum, sem við getum framleitt sjálfir. Líkt má segja með ullina okkar, hana höfum við selt fyrir sama og ekkert verð, út úr landinu og keypt aftur í staðinn allskonar bómullar efni, að vísu mun ódýrari og þá líka ónýtari en orð fá lýst. Sem betur fer, virðist þetta vera að breytast og þjóðin vera að vakna til meðvitundar um ágæti hinnar íslensku ullar og fer nú óðum í vöxt, notkun hinna svonefndu verksmiðjutaua. En enn sem komið er, eru þau

allt of dýr. Þrátt fyrir að ullin hefir
verið í lágu verði, og stafar það ein-
ungis af miklu leiti af hinu háa kaup-
gjaldi í landinu. Ekki er ólíklegt að
margir hafi látið tilleiðast að kaupa
heldur ódýran útlendan efnin en þau
íslendsku, af því þau voru ódýrari í
bili, en það er rauninni hin mesta villa.

Hér þarf eitthvað úr að bæta og
finnst mér þar ekkert úr vöndu að ráða.
Það þarf að taka upp aftur í stórum
stíl gamla heimilisiðnaðinn, sem sé
vefnaðinn. Margir munu nú hugsa að það
séu orðin mörg heimili, sem ekki hafa neinn
vinnukraft til slíkra starfa og er það rétt,
að fólkið er en örðra, en ekki svo, að ekki
sé hægt á allflestum heimilum að spinna
og vefa til helstu slitfata a. m. k. á karl-
mann, eða þá að fá það unnið á þeim
heimilunum, sem betur eru mönnuð. En
til þess að þetta megi takast, þarf fleiri
spunavélar og vefstóla. Hér í þessari sveit
er til ein spunavél og hefir hún verið
talsvert notuð sum árin, en þó ekki

eins og við hefði mátt búast af heilli
sveit, enda hefir hún alltaf verið fárra
manna eign. Vefstólar eru til tveir eða
þrír garmar svo að segja ónothæfir og
úreltir. Mér finnst, að sveitin þyrfti að
eiga ekki færri en tvær spunavélar og
fjóra vefstóla, sem hægt væri að vefa í
hvað sem fyrir kemur. Eðlilegast væri, að
búnaðarfélagið eða hreppurinn ætti
þessi áhöld.

Ég hefi aðeins drepið hér á tvö at-
riði; kornræktina og ullariðnaðinn, en
vitanlega er margt fleira, sem hægt er
að tala um í þessu sambandi, en verður
ekki gert hér; enda var ætlunin aðeins sú,
að vekja menn til rækilegrar umhugsun-
ar um þessi stóru vandamál ef skeð
gæti, að það leiddi til einhverra fram-
kvæmda á því sviði.

Ég vil gera þá tillögu, að ung-
mennafélagið í samvinnu við kvenfél-
agið, hefjist nú handa með undirbún-
ing á heimilisiðnaðarsýningu hér í sveit-
inni, með það fyrir augum, með fram

að sendir séu nokkrir bestu munirnir -að áliti dómnefndar- á væntanlega heimilisiðnaðarsýningu í Reykjavík, sem haldin verður á næstunni.

Að endingu vil ég skora á ykkur góðir ungmennafélagar, að vinna hver eftir sinni getu að auknum heimilisiðnaði og öðrum góðum málefnum, svo að þjóðin verði í sem flestu sjálfri sér nóg og sjálfstæð.

Konráð M. Eggertsson.

Ritstjórar:
Kristín Eggertsdóttir   Sigríður Sigfúsdóttir

# Ingimundur gamli.

Blað ungmfél. „Vatnsdælingur"

| 2. tölubl. | Mars 1938. | XVIII. árg. |
|---|---|---|

## Mál sem alla varðar.

Guðbjörg í Múlakoti er nú landskunn kona og þeir, sem séð hafa garðinn hennar, er hann ógleymanlegur. Guðbjörg hefir unnið afreksverk og brautryðjandastarf á sviði skrúðgarðamálanna og með því reist sér óbrotgjarnan minnisvarða um ókomin ár. Listhneigð hennar og framkvæmdamáttur hefir skapað fegursta skrúðgarð á landinu, og eru þó ýmsir kunnir, svo sem: Víðivallagarður þjóð-

árlúnsgarður og Skrúður að Núpi
í Dýrafirði, svo ég nefni að eins dæmi.
Allir þessir garðar eru tiltölulega
gamlir á okkar mælikvarða, því öll
ræktun er hér tiltölulega ung, en það
er talið að aldur trjágróðursins verði
ekki talinn í árum, heldur í manns-
öldrum. Það má því engum búast
við skjótfengnum árangri nema
með talsverðu starfi og enn meiri
umhyggju. Þessi umhyggja hefir
án efa verið til staðar hjá þeim sem
stofnsett hafa áðurgreinda garða, enda
hafa varla aðrir sáðist í slíkt á þeim
dögum

Á síðustu árum hefir vaknað lít-
verður áhugi á þessu sviði. Vísir til
trjágarðs er nú á allmörgum bæjum
og það má telja víst að þeir sem enn
þá hafa ekki hafist handa á þessu
sviði skorti hvorki trú eða fegurðar-
þrá, heldur sé það undandrætti um
að kenna, sem svo mörgu góðu máli
stendur fyrir þrifum. En ef einhverji

fyndust, sem enn eru hinir van-
trúuðu, mætti benda þeim á að koma
í fallegan garð þar sem öllu er snyrti-
-lega ~~[illegible]~~ og haganlega fyrirkomið
og auðvitað þurfti það að vera á þeim
tíma sem skrúðmagnið er mest.
Öll ræktun er án efa það, sem hvað
mestan menningarsvip setur á
hverja bújörð, og trjálundir við bæji
ekki hvað síst. Fallegt tún og velhirtur
trjálundur bendir á að hjá þeim er um
þetta hugsa fari saman þekking á
praktiskri þýðingu þessara hluta og
vilji og þrá til að fegra heimilið og
gera það hlýlegra. Fyrir ekki alllöngu
síðan kom ég í fallegan trjágarð.
Á einum grasbalanum lá gamall
maður og naut sólarhitans, fegurð-
ar umhverfisins og gróðurilmsins
lagði að vitum hans. Maður þessi
hafði gróðursett fyrstu plönturnar
forðum og hlúð að vexti garðsins æ
síðan
Allt þetta hefir kostað hann mikla

átorku, en mér finst að nú mun-
di hann fá það endurgoldið ríku-
lega á æfikvöldi sínu.
Munu ekki margar húsmæðurnar
sammála um það, að þær verji best
tómstundum sínum ef einhverjar eru
með því að fara út í garðinn sinn.
Hversu oft hafa þær ekki sést á kvöld-
in þar úti eftir að þær hafa lokið
húsverkum, og jafnvel svæft börnin.
Þær finna hvíld og svölun eftir er-
fiði dagsins á þessum stað, en svo
heppilega vill til, að þurfi að vökva
gróðurinn, er það langsamlega best
á kvöldin.
Mér finst mega vona að næstu
árin verði stórt spor stigið til fram-
fara í þessu máli. Skilningur man-
na er að verða almennari og auð-
veldara með ári hverju að fá trjáfyr-
plönturnar í hinn nýja garð. En það
ríður á miklu að skynsamlega sé
á stað farið. Garðurinn verður að
vera á heppilegum stað og skipulega

í hann sett í upphafi. Það er ekki
svo óvíða sem ábótavant er í þessu
efni. Sumstaðar hefir garðurinn
verið settur við húsvegginn, og svo
þegar trén vaxa byrgja þau fyrir
sjón og útsýni úr gluggunum.
Svo má ekki vera. Á öðrum stöðum
er svo óskipulega sett í garðinn að hann
verður varla gerður fallegur þeirra
hluta vegna, þó annað sé til staðar.
Heppilegt má teljast að víða væri á
leiðbeinandi manni, eða konu á
þessu sviði, á hverjum stað og væri
tilvalið fyrir ýms félög að gangast
fyrir því, og gera þannig einstak-
lingum léttara fyrir, einkum í byrj-
unarstigi.
Við ungmennafélagar í þessari sveit
höfum nú ákveðið að stofnsetja skrúð-
garð við heimili félags okkar.
Ég hefi við annað tækifæri lýst hvaða
þýðingu það hefir fyrir félagsskapinn
en vil enn fullyrða að fátt eða ekkert
muni geta borið félaginu eins lofsverð

merki eins og blómlegur trjágarður
er mundi auka ánægju þeirra
er að garði bera og setja sitt ein-
kenni á okkar viðurkenndu fögru
sveit. Heima tel ég ekki neinum
efa undirorpið að það verði einmitt
ungmennafélagar og börn, undir
handleiðslu kennara og í samráði
við skógræktarstjórn ríkisins, eða
annan allsherjar félagsskap sem
drýgstan skerf leggja til skóggræðslu
í stórum stíl til prýði og hagsbóta
fyrir óborna Vatnsdælinga. Það
verður að teljast áhugsandi að ekki
verði nægir landeigendur til að láta
nægileg og góð landsvæði af hendi
til þessara nota. Á fremur stöðum
í sveitinni hafa einstakir menn þegar
látið sá birkifræi og sýnt þannig
lofsverða framsýni, og á einum þess-
ara staða lítur svo vænlega út að skóg-
ræktarstjóri álítur að þar sé bestur
árangur á landi hér í þeim efnum.
Í þessu sveiti sem um hefir verið ráð

bíla mikið áleyst verkefni, en árang-
urinn verður því stærri sem fyrr er haf-
ist handa og almennara, að unnið
Stuðlum að því að á hverju heimili
sé eitthvað aðhafst. Sé á annað borð
byrjað er framhaldið ákveðið. Gróðmagn
moldarinnar er mikið og hún svarar
vöxtum af því sem í hana er lagt og
getur það þannig orðið hagfræðiatriði að
grafa fjársjóði sína í jörðu.
Helgum okkar ungmennafélagar einn
dag á vori hverju - vinnudag - til
þess að koma saman og hrinda áhuga-
málum okkar í framkvæmd og sýna þannig
hugsjónir okkar í verki. Að lokinu
göfugu starfi er léttast að skemmta
sér því gleðina hefir starfið fært.
Það mundi vera hinn vígði þáttur á
slíkum dögum að yrkja skrúðgarðinn
og hver veit nema að einmitt þessi
garður hljóti síðar þau verðlaun sem
í boði eru til handa hverjum þeim sem
mest verður ágengt um þessi mál og á
ég þar við minningarsjóð þeirra Kormár-

hjóna. Björns og Ingunnar sem
sjálf voru á undan flestum öðrum
í þessum sökum eins og garðurinn
á Kornsá ber nú með sér.
Að síðustu þetta: Þið sem hafið
ástæðu til að gefa eða útvega einn
litinn græðling í hinn fyrirhugaða
skrúðgarð okkar, minnist hans
er mest liggur á. Græðlingurinn
mun án efa vaxa öllum til ánægju
en gefandanum sem gróður-
setti hann, til verðugs lofs.

Grímur Gíslason.

## Staka.

Létt er sungið: lagsins glóð.
lyftir þungum björgum.
Vorsins: unga ástarljóð.
óma á tungum mörgum.

R.K.

## Glataði sonurinn.

Ég var á gangi eftir glötunarbraut
með gáleysi æskunnar kátu,
í ofríkum móði nautna naut
en nú þurfti að ráða þá gátu.
Hvort ei væri rétt að hætta og trúa
og aftur til baka snúa.

Ég stöðvaði göngu og sneri svo við
og stefnuna tók ég þá beint.
Fórnfús var engill sem lagði mér lið
en líklega kom það of seint.
— Það þurfa ei margir að syrgja þann son
sem á ei uppreisnarvon.

Á bárunum vaggaði vonaskip
vindur í seglum þaut.
Mannlega gleði ég sá þig í svip
en svo varstu horfin á braut.
— Tárvotum augum ég eftir þér renni
iðrun og söknuð kenni.

Það villast svo margir á veginum lífs
þó vonglaðir leggi af stað,
og lenda þá tíðum í kaststraumi lífs
en kunna ekki að þroka á vað.
— þeir munu löngum í freisting falla
sem finna ekki eigin galla.

Grámann í Garðshorni

## Stökur.

Vorsins tíð með vonargný
vel það styður andinn.
Fossaniður fjarlægð, í
fuglakliði blandinn.

Fossinn kátt þá kvað um sinn,
kann ég þétt að muna.
Hlusta brátt svo hugfanginn
horfi á náttúruna.

Grámann.

## Í Láns-sýslu og Skulda héraði.

Bær nokkur hafði auðgast stórum þegar fiskveiðarnar voru í blóma með ströndum fram. En svo lauk þeirri blessuninni og árin liðu.
Bæjarbúar fóru þó ekki að draga saman seglin fyrir því. Þeir hugsuðu sem svo að fiskurinn hlyti að glæðast aftur. Hver þeirra um sig lagði kapp á að byggja ágætari og viðhafnarmeiri hús, en nokkur hinna, og af veisluhöldunum var að sjá sem allir væru þeir stórhöfðingjar. Sonunum sem tóku að erfðum, skrifstofu-stólana, bækurnar, dýraspjöldin og húsin, virtist þeir ekkert geta annað betra aðhafst, en fara að, eins og feður þeirra og afar höfðu gert á undan þeim, hneigja sig, bera sig fyrirmannlega, taka ofan hver fyrir öðrum djúpt og virðulega, og bíða eftir fiskinum. Hvert heimboðið rak annað. Þeir veittu hver öðrum af kappi, tilluðu hverir aðra, og vildu ekki fyrir nokkurn

mun láta sjálf, að efnin væru að
þrotum komin.
En eftir því sem járnskápanir tæmdust
meira, eftir því ljetu þeir gera lásana
og slárnar sterkari, og því háværara
varð gortið og skrumið í þeim við ókunn-
-uga skipstjóra og kaupmenn yfir auðæfum
bæjarins.
Síðan fylltu þeir kjallara sína og búðar-
loft dýrindis vínum, silki vörum og öðrum
dýrum varningi, er þeir fengu að láni
bæði utan lands og innan, ljetu smíða
skrautlegar sölubúðir með gyltum litlum
standspeglum og feikna stórum spegil-
rúðum, svo að ljómann lagði af út um
göturnar. Síðan keypti hver af öðrum og
gerði hinum heimboð, til þess að komast
hjá að verða krafinn. Þá lánaði sá aftur
hjá einhverjum öðrum og eyddi jafnvel enn
meiru í veislusvall.
Þegar einhver útlendur kaupmannanna fór
að verða smeykur um greiðslu, tók sjer ferð á
hendur til bæjarins og spurðist fyrir, gerðu
helstu borgararnir ekki annað en hrista

höfuðin, litu ofur ísmeygilega á spyrjanda
og kváðust albúnir þess, að ábyrgjast skuld-
-ina þótt hún næmi heilli tunnu gulls.
Síðan hjeldu þeir honum stórveislu,
þar sem á borðum var gamall silfur-
-borðbúnaður, rjettir vóru fluttar, skálar
drukknar, og slík sæmd og virðing var
honum sýnd í hvívetna, að í stað þess
að krefja þá skuldar, var hann fús til að
lána meira. Honum skildist nú, að
þeir hlytu að vera stór efnaðir, og kvaddi
glaðari í bragði en hann kom.
Smáborgararnir ljetu aldrei neitt uppi
um það við utan bæjar menn, hversu þeir
litu á efnahaginn, þeir hugsuðu með
sjer, að altaf hlyti þó talsvert að drjúpa
af alsnægtum stórborgaranna í skaut
þeirra. Þannveg fór þessu fram ár
af ári, og ekki var annað að sjá, en
mikla velmegun og ánægju.
Heimboð og skemtanir vóru daglegir við-
burðir, og óspart var drukkin skál bæjarins
um leið og þess var minst, hversu velmegun-
in væri þar á háu stigi.

Í bænum þeim lét enginn það um sig spyrjast að hann stæði öðrum að baki að gestrisni. Því þegar einhver borgaranna hafði haldið miðdegisveislu varaði annar með enn dýrlegri veislu fagnaði. Og það var svo sem auðvitað að allir nokkurn veginn skynsamir menn, hlutu að láta sér skiljast að ekki væri annað um talsmál, en fylgjast með tímanum, ef bærinn ætti ekki að fá orð á sig fyrir afturhald og fastheldni við gamlar kreddur, og verða talinn lélegur kotbær.

Húsfreyjurnar kepptust því við, hver í kapp við aðra, að láta eiginmenn sína panta rósofna dúka af nýjustu gerð, því skrautlegra því betra, til þess að yfir miðdegisborðinu yrði sem mestur hátíðarblær. Við þetta bættust voldug skrautker, alskonar glös og flöskur úr slípuðum kristall, og glitrandi skínandi ljósakrónur, er hengu niður úr loftinu yfir borðum, alt til þess, að gestirnir fyltust aðdáunar og fengu að sjá og skoða, hvernig alt væri spánýrra og vönduðustu tegunda.

Ylminn af ljúffengum, sjaldgæfum kryddvörum, er ætlaðar voru til smekkbætis og í dýrindis krásir, lagði fyrir vitin upp úr kistum og kössum bæði í búðunum og vöruskemmunum. Tvisvar á ári voru pantaðir fágætir ávextir, lagðir í kryddlög, og ýmiskonar ~~[illegible]~~ sósur; voru því jafnan nægar byrgðir af því og yfirleitt öllu, er húsmóðir gæti vanhagað um, húsmóðir, er veita skyldi forstöðu stóru heimili, halda uppi reisn í stórum stíl, og hafa marga þjóna sér við hönd.

Bændurnir komu með hlaðin æki af allskonar nýmeti, aligæsum, hænsnum, grænmeti og rótarávöxtum; var því öllu komið fyrir í rúmgóðum vöruskemmunum kaupmanna, og fengu bændur aftur fyrir góðan varning með sér heim.

Peningar voru ekki notaðir í þessum viðskiftum. Þeir voru svo sjaldgæfir, að ef bændur úr sveitum eignuðust áttskilding úr silfri með mynd konungsins var hann settur í umgerð með gleri,

og geymdur sem auðmepeningur.
Á þennan hátt óx líf og fjör í bænum
og ör viðskifti. Það voru hrein býsn,
hversu þessi bær blómgaðist að velmegun
og öllum þrifum.
Skrautvagnar, veiðimanna vagnar,
ávaxta vagnar, bændaæki voru sífelt
sífelt á ferðinni um göturnar. Það
var nærri frágangssök, að komast leiðar
sinnar gegnum allan þann fólksgrúa
sem var á leiðinni í búðirnar í verslunar-
unar erindum, einkum þeim, að láta
skrifa í viðskifta bækurnar, það sem út
var tekið. Og síðdegis voru gangstjettirnar
þjettskipaðar bæjarmönnum, körlum og
konum, sem voru að ljetta sjer upp;
heilsast, gefa hver öðrum auga, og sýna
nýju fötin sín.
Tignasti borgarinn sem gekk við staf,
með handfangi úr gulli, átti stærsta húsið,
var skuldugastur, taldi það veigamestu
sönnunina fyrir sívaxandi þrifum og vel-
seld bæjarins, hve stórkostleg og fyrirmannleg
væri eyðslan er hverjum manni væri það sýni-
leg.

En hverjum var það að þakka öðrum en
hinum atorku sömu og framtakssömu
samdarmönnum, er lag hefðu haft á því
að draga að bænum fjármagnið og lánstraustið?
Fyrir því voru haldin heiðurssamsæti, minningar
hátíðir, fæðingar hátíðir silfur og gullbrúðkaups
veitslur með fána burði og blysförum.
Þess var og hátíðlega minst, er liðin voru
75 eða 100 ár frá því afar þeirra eða langafar
höfðu í fyrsta sinni stigið fæti á bryggju
bæjarins, eða frá því að hornsteinarnir voru
lagðir að húsunum er höfðu verið stækkuð og
+prýdd kynslóð eftir kynslóð svo mjög að varla
varð rent grun í, hve byrjunin hefði verið smávaxin.
Og er einhver af feðrum bæjarins andaðist,
fór fram stórkostleg sorgarathöfn.
Allur bærinn dróg fána í hálfa stöng, svo
og skemti skúturnar og seglbátarnir á höfn-
inni, og öllum búðum var lokað.
Svart klæði var fengið að láni, til þess að
breiða yfir göturnar. Söngfélög og önnur fjelög
fóru á kreik og fylktu liði í löngum röðum
og líðra sveit ljek sorgargöngulag. Á líkkistuna
sem ekki sá í fyrir blómum, voru lagðir pálmar

og kransar úr eikarlaufum. Við gröfina
var sungið margraddað, og presturinn tók
alla nærstadda til vitnis um það, hve
göfugur gestgjafi og gjöfull höfðingi hinn-
látni hefði jafnan verið.
En til voru í bænum fáeinir sérvitringar
einir þessara manna sem ganga sínar
eigin götur, aldrei fást til að hugsa eins og
aðrir hugsa, og enginn bær er laus við.
Þeir voru að furða sig á því, hvaðan bæjar-
búum kæmi í rauninni lífsuppeldi, og
hvernig bærinn fengi staðist.
Ekki lágu önnur skip á höfninni en
skemti skútur og seglbátar, enginn var fisk-
aflinn, og í landareigninni var ekkert
skógland, og því ekkert timburhögg; engar
voru námurnar er gefið gætu fé í aðra hönd.
Engar voru heldur verksmiðjur; enga smíða-
gripi höfðu handiðnamenn, til þess að
bjóða utanbæjarmönnum til kaups.
En bæjarbúar voru gramir yfir því, að nokkur
efi léki á í þeim efnum, er vörðuðu hvorki
meira né minna en tilveru bæjarins.
Slíkt lét afarilla í eyrum þeirra.

Og að lokum báru þeir málið upp fyrir hinu
háa háskólaráði.
Þeir fremstu lögfræðingarnir struku hendi
um höku sér, og reyndu með miklum heila-
brotum að komast til botns í málinu.
Í einu atriði voru hinir vísu doktorar fylli-
lega sammála, sem sé því, að óhugsanlegt
væri, að nokkur bær, er enga bjargræðisvegi
hefði við að styðjast, gæti komist af.
En nú var þyngsta úrlausnarefnið eftir.
Því að eftir nákvæmustu og vönduðustu eftir-
grenslan og rannsóknir, var ómögulegt að
benda á einn einasta bjargræðisveg í þeim
bæ. Samt sem áður var því ekki mótmælt
að bærinn komst af. Nú vissu þeir hvorki
upp né niður, og alt lenti í tómum ágisk-
unum. Þá kom aftur til sögunnar elsti
og frægasti prófessorinn. Hann hafði samið
rit um ríkisskuldirnar, og sýnt fram á, að því
skuldugri sem sú eða sú þjóð væri, því hamingju-
samari hlyti hún að vera, og giskaði á, að í
bænum þeirra kynni eitthvað svipað að standa
á. En ekkert vildi hann þó fullyrða að svo
vöxnu máli.

Annar prófessor benti á, að stórhöf t.a.m. Kaspiska hafið, væru vitanlega til, og gengu ekki til þurðar, og því væri með öllu ókunnugt um, að þau hefðu nokkurt sýnilegt afrensli; hugsanlegt væri að einhverju slíku náttúrufyrirbrigði væri hér til að dreifa.
En þá kom fram á vígvöllinn þriðji prófessorinn, sannaði vit, þar sem hann rak aftur þessa skoðun í hvössu og nöprum máli, og sýndi fram á, að hér væri ekki að ræða um afrensli, heldur aðrensli – gersamlega gagnstætt því er hinn hefði haldið fram.
Deilunni milli þessara tveggja prófessora var haldið fram með miklum móð í tímaritum. Deilu þessari mundi ekki lokið enn þann dag í dag, ef fremsta og frægasta prófessorinum hefði ekki allt í einu hepnast, að leiða í ljós þann sannleika svo að eigi varð í móti mælt, að borgararnir í umræddum bæ lifðu eingöngu hvor á öðrum.
Loks sannaði hann vit í 6 bindum, það sem hann þurfti sönnur á, að sama máli væri að gegna um marga aðra bæi í heiminum.

J. Lee.

## Ég man svo vel.–

Ég man svo vel frá minni æskutíð
er mamma kom og kyllti sér á stokkinn
hve þá var gott, að sofna á kvöldin sæl
og sælt að dreyma, er hún þeytti rokkinn.

En burt hún hvarf mér bernskuheit fellu tár
þá blasti við mér harmadjúpið svarta.
Það veit ég nú, að seint gróa sár
ef sorgin fær að særa barnsins hjarta.

En hvenær sem ég heyri rokksins þyt.
mig heillar þessi litla minning bjarta
~~þá~~ sjálf fyrir mamma! gafst mér þetta glit
sem geymist best og yljar minu hjarta.

Það minnir mig á liðin ungdóms ár

er andans þrættur hörð til starfa hvetur.
— En fleslar aðrar fornar arku frá
þær fölna líkt og blómin undir vetur.

Ásgr. Kristinsson.

## Á miðnætti.

Illt er að skrifa í Ingimund
aðrir meðan sofa.
Ekkert betra en elta hund
upp að Löðrukofa.

Ritstjórar
Ásgrímur Kristinsson. Bjarni Kristinsson

# Ingimundur gamli.

Blað ungmennafélagsins „Vatnsdælingur".

| 5. Tölubl. | Desember 1938 | XVIII |
|---|---|---|

## Silfurveskið.

Jóhann Read horfði hugsandi á gljáfægð stígvélin sín, sem á klútur skófægjarans hafði núið langa stund svo að komin var fagur ~~gljái~~ rauðaviðargljái í staðinn fyrir gráa litinn af götuvikinu. Hann starði á aðfarir örkumla mannsins úr stríðinu skófægjarans, sem hélt burstanum föstum með járnkrókum, því að höndina hafði hann misst. Fyrir nokkrum vikum hefði honum fundist þessi maður alveg

óviðkomandi, og hreinlínis hlægi-
legt að vera að hugsa um kjör
hans. En nú var hann að hugleiða
að menn voru til, sem freistuðu þess
að hafa ofanaf fyrir sjer því að þeir
voru handalausir. Svo rendi hann
augunum yfir torgið þar sem leigu-
reiðarnar og almenningsvagnarnir
þutu framhjá hlaðnir fólki eins og
óendanlegt band utanum pokuhafinu
Allt þetta fólk hafði eitthvert mark
mið hugsaði Jóhann Read, það kemur
frá starfi sem stefnir að vissu marki
að heimili eða einhverju hreysi þar
sem það fær lakmeti sörinsem það fer í
dagverkstritinu og baráttunni fyrir
daglegu brauði, eða ef til vill kemur
það heiman og er að fara til kvöldstarf-
anna, sem gefa því kost á að komast
inní hringrásina aftur á morgun
hvern einasta dag árið út og árið inn
þangað til það fellur í stríðinu og er
út til hliðar og lendir í ruslakistunni
sinni og skófæpparinn þorsna.

Ennþá brosir það og hjalar, rennir
augunum yfir dálka kvöldblaðanna
sem segja því frá örlögum þeirra er
klifra upp úr djúpunum, eða sogaðust
niður í djúpin. vegna þess að þeir höfðu
hærra markamið en fjöldinn. Blöðin
auglýsa aflökur manna með risa-
fyrirsögnum

„Síðasta bónkahneikslið":
Gjaldþrot Ideal leikhússins.
Hnefaleikakappinn dettur niður
dauður í bardaganum.

Hver fyrirsögn skýrði frá að
lokabardaginn við ofurefli-þjóðfélagið-
væri genginn um garð, og nú þeytu
blöðin því út til almennings umræðu
og ýktu af einhverjum blaðamanni-
num sem ekki þekkir meira til málsins
en einmitt það sem fyrirsögnin
segir frá. Og nú hafði einmitt þetta
sama nöi í hann – Jóhann Read.
Hann fann hvernig járnklærnar voru
að læsast um hnakkann á honum.
Eftir nokkra daga væri máske allt

úti fyri honum. Hann gerti dreymin
í stað á flegggjferð síðaste ófongan
pokan lagtist um hann, lagði vota
kinnina at hjarta størborgarinnar
og heldi ~~vata~~ ókeljandi mannmúgva
bak við vatu slatuna sína. Jóhann
Read labbaði niðar vata gøtuna
hann þurfti ekki at flýta sjer. Það var
ongin sum beið hans. Hann hafði
stungið hondunum djúpt í frakka-
vasana og ofurselt sig þokuni.
Sinstödis var þorva í harminum
honum sum í hug at það þyrfti at
svara bræfinum sum í morgun hafði
kipt stoðunum undan framtíð hans
bræfinum sum í fáum orðum hafði
sagt honum at faðir hans sum hann
aldrei hafði þekt var deyður í
framandi landi og at dánarbúið
hafði orðið þrotabú at hann mátti
ekki vænta þess at fá peningasendingar
með hvørjum mánaði, peningarnar sum
høfðu orsakað at Jóhann þurfti aldrei
at bera áhyggjur fyri morgundeginum

og at hann hafði verið beðin ‡ um
vitleskenningu fyri bræfinum. Jóhann
Read snari inn í hurðini og fór inn
um dyrnar, gekk at einu pultinum
til þess at taka sjer sýnubleð hann
ætlaði at svara og segja at skiftaráð-
andanir gjørdu at haga sjer eins og
þeim gott tyndist sjálvast. Hann sjálvi
út hendina eftir sýnublaðið, en stað-
nøndist. Á pultinum lá lítið silvurveski
sum einhvør hafði gleymt, hann leit við
salurin var mannlaus. Það var komið
at lokunartíma og starvsfólkið hinumegin
var byrjað at sløkkva á lampunum á
borðinum hjá sjer. Hann hugsaði sig
um sum snøggvast. Átti hann at af-
henda veskið við diskin, eða átti hann
at rannsaka hvat í því var, eða hvat
hægt var at sjá á innihaldinum hvør
eigarin var. Hann gat leitað
eigaran uppi og skilað veskinum
því hefði hann þá ákveðið markmið á
meðan. Hann ætlaði at fara at þrísta
á lasin, en hvat var þetta, við festina

í veskinu hjekk ofurlítil silfurplata
og á hana var grafið nafnið „Efelyn“
en ekkjert annað. „Ó fyrirgefið þjer
þetta er veskið mitt, jeg gleymdi því
hjerna áðan.“ Jóhann Read hrökk
við og leit um öxl sjer, þar stóð ung
stúlka í dýrri flauelskápu. hann
sá að stúlkan var hjónandi fallega
en svo ekki meira, hvar en hann
vissi af hafði hann rjett henni
veskið og muldrað eitthvað um að hann
hefði fundið það á púltinu rjett í
þessu og að hann hefði ætlað að leita
eigandann uppi til þess að skila
veskinu, eitthvað meira hafði hann
sagt sem hann hafði gleymt nú
þegar. Hún hafði brosað til hans,
þakkað honum og svo horfið. það
stóð ekki nema augnablik í þessu
og nú stóð hann einn eftir í salnum
og fanst þetta hafa verið draumur
en hvað sem því leið var veskið þó horfið
Unga stúlkan með fallegu augun
hafði haft það með sjer, og það var

sönnun þess að hún hafði verið hold
og blóð og af þessum heimi.
Jóhann Read hætti við að senda skeytið
nú stóð honum á sama um alt
hann ráfaði út á götuna aftur og
horfði á fólkið sem skundaði áfram
eins og því lægi lífið á, en honum
stóð alveg á sama um það alt. því
að hann gat hvergi komið auga á
stúlkuna í flauelskápunni. og þokan
varð æ þjettari og gleypti alt. En nú
rankaði Jóhann Read við sjer. í nokkrar
sekúndur stóð hann grafkyr og horfði
til hægri og vinstri, en sá ekki neitt
sem honum varðaði. Svo valdi hann
af handahófi eina af þremur aðal-
götunum sem lágu frá aðaltorginu
Hún gat eins vel hafa gengið þá
götuna eins og aðra hvora hina
Vi var alt undir því komið hvort
forlögin vildu vera honum holl eða
ekki. Jóhann Read greikkaði sporið
til vegabús þeim er verða á leið hans
en hvern vel sem hann horfði í kringum

sig, var eins og allar flauelskápur
væru horfnar. hann sá að eins eina
en í henni var gömul kona og
ljót, algerlega andstæð við stúlkuna
sem hafði tekið hug hanns fanginn
það var eiginlega ósvífni að svona
kvenfólki skyldi vera leyft að ganga
í flauelskápum, það átti að banna
það hugsaði hann með sjer, aftur
eftir sprettinum. Hann var kominn
langa leið út undir úthverfið án
þess að hann hefði tekið eftir því.
Hann hafði áreiðanlega tekið skakka
götu því þorna í þessu ömurlega
umhverfi sem hann var gat ekki
verið neinn von um að sjá það sem
fagurt var.
Hann þröngum var horfinn og Galom
mani því auð, klukkan var orðin
svo margt að allir voru komnir
á áfangastaðinn. allir þeir sem
áttu nokkurn áfangastað. Hann
var þarna einn sinnulaus og til-
gangslaus. þarna var ovurlítið

Kaffihús, best að líta þar inn, og athuga
sinn gang.
Jóhann Read settist inn í horn
og bað um bjór og kvöldblöðin hann
bar glasið upp að vörunum, drykkurinn
var of súr, og svo sökkti hann sjer
niður í blöðin.

„Lesið þetta."

100 pund fyrir bestu smásöguna stóð
þarna með þrídálka fyrirsögn, Hvað
var nú þetta, eitt blaðið bauð lesendum
sínum 100 pund fyrir bestu smásöguna
sem því barst. Hún átti að vera stutt
fjalla um ást. helst byggjast á
staðreynd, og af því að atlast var
til að ~~var~~ það væri ekki skáldin sem
skrifuðu hana, áttu heldur ekki
skáld að dæma hana, heldur ung
dóttir forleggjarans, og hún átti
að afhenda verðlaunin 100 pund.
Jóhann Read hallaði sjer aftur á
bak í sófanum og brosti.
Hver veit nema að þarna væri tæki-
færi, Hann bað um pappír og tvö

gjöra sem ekki mátti vera satt
og svo fór hann að skrifa verðlauna-
söguna sína, sem hjet „Silfurverkið“
og fjallaði um ungan og ógæfu-
saman mann, sem hafði misst
föður sinn og stóð allslaus uppi
og unga stúlku sem hjet Evelyn
og var fallegri og betri en nokkur
stúlka önnur í veröldinni. og
inní þetta óf hann svo ýmsu
sem ekki kom söguni við, og
hann lauk söguni með því að
segja frá að unga stúlkan sem
átti silfurverkið hafði ákveðið að
gefa unga manninum forsjá
sína og silfurverkinu og á litlu
plötunna á verkinu hafði hún
látið grafa nafnið Read ofan
við nafnið Evelyn.
Á leiðinni heim í fátæklega og ein-
manalega herbergið sitt, stakk Read
brjefinu með verðlaunasöguni í póst-
kassa. svo staldraði hann við og
hló að sjálfum sjer, svo að nálægir

hafnarmenn á götunni ráku upp stór
augu. Tilveran var nú skrítin hvað
sem öðru leið hugsaði hann, og svo
fór hann heim til sín.
Jóhann Read varð glaður þegar hann
skömmu seinna fjekk tilkynningu
um það að smásaga hans Silfur-
verkið hafði fengið verðlaunin og hann
var utan við sig á meðan að hann
beið á skrifstofu stórblaðsins eftir
dóttir blaðakongsins sem átti
að afhenda honum verðlaunin.
Hurðinni var lokið upp og inn
kom ljómandi falleg stúlka í flau-
elskápu með silfurverki í hendinni
Hún rjetti honum brosandi hönd-
ina um leið og hún sagði. Herra
Jóhann Read. mjer hefir verið það
mikil ánægja að lesa söguna yðar
Þó hún sé ósennileg, geymir hún
þó ýmis atriði er valda hafa því að
jeg varð að dæma yður verðlaunin.
Svo kemur glompa í tilveruna
Jóhanns Reads sem hann aldrei

geter fylt i, og nú er sagan um verdlaunasögu~~nna~~ Jóhanns Reads / eiginlega búin. að minsta kosti það sem kemur almenningi við —

- - —— - - - ——— -

Eftil vill langar þó einhvern af lesendunum að vita að ungfrú Evelyn á silfur verkið enn og á litlu silfur plötunni stendur nú nafnið „Evelyn Read".

## Hvað er lífið
(Brot)

Hvað er lífið: er það óráð gáta,
efalaust vilja fáir svara því
Sumir kætast, ýmsir aðrir gráta
á þeim virðist sorgin þung sem blý
—þung sem blý— og því er ekki að neita
að það eru sumra manna örlög hörð
-þeirra-sem að alla æfi leita
-auðnu-sem að gaf ei þessi jörð.

———

„Þið munuð finna hana, hinu megin hamingjuna, sem þið leitið að."
það er oss kent: sem göngum grýtta vegi
hjá guði. eigum vissan sælu stað
þó lífsbaráttan launi ekki meira
en ljettmeti, sem dregur hálfan kvið
—Mun kirkjan alltaf flytja okkur fleyra
en fimst mjer vera hægt að standa við.

B.K.

# Hvort gósar undir?

Það er staðreynd, sem ekki verður
hrakin, að bjartastur ljómi stóð um
ungmennafélagsskapinn á fyrsta tug
þessarar aldar, þegar hann sem sagt
var að fara sigurför um landið. Hann
var sem fagur árroði, er boðaði nýjan
dag, og hjörtu ungra manna tóku
að slá örar, og þráin óx að láta gott
af sér leiða, og vonin vermdi hugina,
að mega taka þátt í því, með öðru
ungu fólki, að lyfta stóru og minni
Grettistökum, í landi þar sem flest var
ógert og beið úrlausnar.
Hugsjón þessi átti sér heiðan himin
og hreinar voru lindir hennar. Fegrun
íslenzkrar tungu, skógarskrúð um
dalahlíðar, svo sem verið hafði í öndverðu
landrækt vín og tóbak. Allt voru
þetta stórbrotin viðfangsefni, og merkileg
fyrir æsku, sem var úr ósviknum efni-
við, en hafði lifað allt til þess tíma
við fremur kröpp kjör, andlega sjeð

En þá var öllu betur lekið að samvizku-
seminni en nú, sem kom meðal annars
af því að fólkið var þá fastara við heim-
ilin og minna um stöðugt flakk lands-
horna á milli.
Svo kemur styrjöldin mikla. Hún
máir fegursta blæinn af hugsunar-
hættinum. Lífið varð meira matarstrit.
Síðan hefir ungmennafélagsskapurinn
verið fremur vanmáttugur nema
helzt í kaupstöðum og stærri kaup-
túnum og þar í nánd. En hrörnunar-
merkin frá fyrstu eru auðsæ og það
í verulegum atriðum.
Ungmennafélögunum verða vorkunn
þótt fegrun móðurmáls til dæmis verði
þeim býsna örðugt hlutverk, og veldur þar
um skortur kunnáttu hjá allflestum að
sumu leyti. Og það að klæða landið skógi
má segja að geti kostað fátæk félög ærið
fé, ef slíkt gæti orðið nokkuð að ráði.
Íþróttastarfsemi heimtar allmikinn
tíma og fyrirhöfn auk nokkurs fjár et
ef vel á að vera.

En þá er ónefnt fjórða meginatriðið
á stefnuskrá ungmennafjelaganna, það
sem er útrýming víns og tóbaks.
Það kemur fram í fyrsta lagi hið
öfuga við hin atriðin. Starf í þessa átt
lætur fje óeytt í vösum manna.
Og í fljótu bragði virðist sem í þessum
efnum þyrfti minnst fyrir að hafa,
því að fáir munu þeir eða engir, sem
þykir vín og tóbak sjerlega gott í fyrstu
og auðljóst er það, að ekki stendur neysla
víns og tóbaks í sambandi við frum-
stæðustu hvatir manna, svo sem er
t. d. um mat og drykk, svo útfrá
því sjeð, ætti þetta hlutverk ekki að
reynast svo erfitt sem raun er á.
Það er að vísu rík sú hneigð manna
að ná í það sem óþarft er, þótt það
heyri beinlínis ekki til forboðnum
eplum. En þá er þess sárara til þess
að hugsa, að neyzla þessara hluta
skuli vera svo margþætt þjóðarböl
sem raun er á. Fyrst það á ekki rætur
sínar í neinni eðlisþörf, heldur aðeins

sprottið af rangli, hugsunarleysi
tízkuhjegóma, stundum af uppreisn
gegn öllu því er krefur öðru fremur
um fastan ásetning og nokkra sjálfs-
afneitun. Enn fremur veikleiki fyrir
ögrun fjelaga og jafnaldra sem koma
á allar nætur nautnanna og það að
vera stimplaður sem hálfgerður vit-
undur með helgislepju í orðum og háttum
Það er nú sízt að furða þótt unglingar
hiki í undir öllum þessum spjótalögum
En það ber mikla nauðsyn til þess að
reyna að stemma á að ósi. Einhvern-
veginn þarf að fá æskuna til þess að
sýna þessum óheillameinvætti, víni og
tóbaki, fyllstu andúð í tíma, því að
allt er þetta óhægra þegar búið er að
venja líkamsfrumurnar við eitur efnin

En hvað hafa ungmennafjel. svo gert
í því að beina æskumönnum frá
slíkum ófagnaði: Um fjöldann af þeim
má segja að þau hafi bókstaflega ekki
gert neitt í því. Og jeg hygg að það sje
nokkuð sjaldgæft að ungmennafjelagar

spori við sig vín og tóbak — þeir sem
neyta þess í annað borð — fyrir fjelags-
skapinn sjálfann. Hinns gætir aftur
á móti ekki sjaldan að ungmenna-
fjelagar sjáist ölvaðir á samkomum
bæði heima fyrir í sinni sveit og öðrum
sjer og fjelagi sínu til álitshnekkis.
En þá fer skörin fyrst upp í bekkinn
þar sem það undir gerast innan ung-
mennafjelaga, að bruggað er vín og
jafnvel er selt vín. Naumast mun
hægt að afskræma fjelagsskapinn meir-
en svona, og gera hann að sannri
skrípa mynd. og betri er enginn
fjelagsskapur en slíkur.
Það hefir verið sagt við þann er þetta
ritar að hér eigi áfengisnefndin að
taka í taumana og víst er um það
að flestar eru þær ótrúlega gagn-
lausar. En svo er hitt að þeir ýmsir
er vín neyta, slá einskonar varnar-
hring um sökudólgana. til þess að þeir
séu látnir óáreittir og mynda þannig
einskonar samábyrgð til styrktar

smánunni
Það hefir oft í ungmennafjelögum
verið rætt um möguleika fyrir vín og
tóbaksbindindi innan þeirra, en
því hefir margt viljað rekast á s.s.
það að ýmsir hafa ekki viljað binda
sig þannig og því heldur yfirgefið
fjelagsskapinn, en hann því ekki mátt
við því að missa starfskrafta þeirra.
En ég tel mikla nauðsyn bera
til þess að yngsta fólkið gangi að
minnsta kosti undir svona skuld-
bindingu, því að ef að unglingar
ná því að bragða ekki vín né tóbak
fram að tvítugu, mundu ýmsir síður
neyta þess úr því, enda þótt þeir væru
þá lausir við skuldbindinguna.
Svona starfsemi ber nauðsyn til að
ungmennafjelögin taki upp almennt.
Væri það æskilegt að nokkrir hinna eldri
yrðu með þeim yngri í skuldbind-
ingunni, jafnvel þótt þeir sjálfs sín
vegna kærðu sig ekki um slíkt né þyrf-
ti, heldur gerðu það aðeins fyrir fél-

agsskapnum. Ég tel það og skýlausa
skyldu stjórna ungmennafélaganna
að eiga forustu um að hrinda í
framkvæmd aðgerðum í þessa átt
það sé beinn skylda samkvæmt anda
anda félagsskaparins. Vitaskuld
ættu ýmsir sjálfboðaliðar að finna
hjá sér köllun til að hjálpa hér og
til. En svo vil ég benda á kröfur
er verður að gera til hinna er ekki
vilja hlýta neinni skuldbindingu.
Í fyrsta lagi mættu þeir ekki hafa
leyfi til þess að reykja á fundum fél-
aganna og ekki heldur samkomum
þeirra.
Í öðru lagi að vera aldrei við vín á
félagsfundum eða neinni samkomu
innan síns félags eða utan.
Þetta eru lágmarkskröfur, sem hjer
eru settar fram. Menn verða að gera
sjer það fullljóst, að ef þeir á annað
borð vilja teljast ungmennafélagar
þá leggur félagshugsjónin þeim nokkrar
skyldur á herðar. Og mark félags-

skaparins var göfugra en svo í önd-
verðu og er enn, að það sæmi að pinkl-
menniskan geti storkað honum þegar
svo sýnist með því að færa goðum
sínum fórnir á hanns eigin altari.
Það er nú vakinn nokkur áhugi
fyrir því hér á landi, að auka holl-
ustu fæðunnar og gamla máltækið
„Illt er matur sem í magann kemst."
er nú meira og minna vefengt.
Fæðutegundir sem taldar eru auðugar
af bætiefnum, en voru áður lítilsmet-
nar t.s. allskonar káltegundir eru
nú taldar ómissandi, og sumir telja
matjurtagarðinn bestu lyfjabúðina.
Er það von og ósk fjölda hugsandi
manna að aukin neysla þessara
hluta komi mjög í framtíð að draga
úr allskonar kvillum og heilsuleysi
sem kostar nú þjóð okkar ógurlegt fé, og
hér væru með þessu stigin risaspor
til hamingju framtíðar og menn-
ingar.
En þó vil jeg eindregið spyrja. Hvað

mundi síður ástæða að vísa á
bug skaðsemi tóbaks og áfengis,
og taka þá í fyrsta lagi fyrir alla
þá sóun peninga er því fylgir.
Hvers vegna er þjóðin í heild sem
tekur nú æ fleygra og fleira til hag-
nýtrar skoðunar, svo tómlát um
þetta, þar sem þó nautn þessa
fer svo mjög í vöxt hjá unga fólkinu
og langt yfir það sem var. Og hugsi
meira að segja að nú þegar megi
sjá viss hörmungarmerki hjá mörg
um af unga fólkinu ef að er gáð.
Hvort mundi ekki unga fólkið
djarfmæltara en svo að allt megi
hér fara sem fara vill svo sem verið
hefir? Hvort mundi ekki mega
sveigja hugina að hærri og merkari
hugðarefnum, er kæmu í stað hinna
s. s. með ýmiskonar íþróttalífi.
Hvort mundi ekki heilsa og hreysti
æskunnar tæplega tryggð þótt séð
yrði fyrir hollari fæðu ef áhrif víns
og tóbaks væru hin sömu og áður.

Ekki þarf að efa skemmandi áhrif þess
á heilsuna og hversu oft er það ekki
að læknar segja sjúklingi að hann
verði að hætta að neyta tóbaks og víns.
Vandræði þeirra ölgerða sem hér hafa
verið að umtalsefni, eru ýmsir farnir
að sjá. Og því er það að nú er hafist han-
da með stofnun ungmennafélagssam-
bands hér í sýslu. En mikill gróður
væri á róti þess ef það tæki mál þetta
ekki verulega til sín taka. Og ég ætla
að voga að gerast svo bjartsýnn að halda
því fram að slíkt félagssamband væri
átakameira í þessu efni en félögin
hvert út af fyrir sig og vonin skapar
spurninguna á þá leið hvort hér fari
undir í þessu efni, hvort nú kynni
að hefjast nýtt tímabil, þar sem
vökul hugsun og manndáð setur
ófagnaðinn á dyr.

Kr. Sig.

Ritstjórar.

Ásgr. Kristinsson. Bjarni Kristinsson.